

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þéttleika í nýju skipulagi í Breiðholti (US210553)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 06.10.2021 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn Áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

„Fulltrúi Flokks fólksins telur að nýbyggingar sem kynntar hafa verið í nýju skipulagi í Breiðholti verði að vera í takti og tilliti við núverandi byggð. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu virðist mikill þéttleiki og há hús á sumum stöðum svo sem í Mjódd og tengist áformum um Borgarlínu.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um eftirfarandi:

Voru áhrif á nærliggjandi byggð m.t.t. skuggavarps, umfangs, útsýnis og veðurfars skoðuð með þar til bærum sérfræðingum?

Um þetta er spurt vegna þess að við eigum því miður vond dæmi um veðurfarsleg áhrif á nærliggjandi byggð og skuggavarp sem dæmi í nágrenni Höfðatorgs í Reykjavík. Er tryggt að ný viðmið um hæðir húsa og þéttleika rýri ekki gæði núverandi byggðar í nágrenni þéttingarreita t.d. í nýju skipulagi í Breiðholti?“

Umsögn:

Hafin er undirbúningur að kynningarferli og skipulagsgerð fyrir Mjódd en gert er ráð fyrir að sú vinna hefjist snemma á næsta ári. Allar forsendur fyrir þeirri skipulagsvinnu liggja fyrir í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Í undirbúningi verkefnisins verður unnin skipulagslýsing þar sem farið verður yfir tækifæri og takmarkanir á svæðinu s.s. fjölda íbúða, hæðir húsa, þéttleika, blöndun byggðar, samgöngur, aðgengi að þjónustu þ.m.t þörf á skóla og leikskólarýmum samhliða framtíðaruppbyggingu og þróun svæðisins.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi